

Mál nr. 1

Knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Hamars, Hveragerði gegn Knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Leiknis, Reykjavík

Kæra Hamars

Knattspyrnudeild Hamars í Hveragerði kærir leik Hamars gegn Leikni Reykjavík í Íslandsmóti 3. flokks karla-7 manna liðum, B riðli, sem fram fór í Hveragerði þann 25. júní 1998 kl 18:00.

Kært er:

1. Leiknir R. notaði 13 leikmenn í leiknum, sem er brot á 3. grein reglugerðar KSÍ um miniknattspyrnu, sem kveður á um að aðeins megi nota 12 leikmenn í sama leiknum.
2. Leiknir R. braut gegn reglu 3.9.4.2.-3. (3. flokkur karla, Íslandsmót – 7 manna lið) um hlutgengi leikmanna sem kveður á um að ekki megi nota þá leikmenn sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.

Kærandi fer fram á að Leiknir Reykjavík teljist hafa tapað leiknum 0-3.

Meðfylgjandi:

- a) Ljósrit af leikskýrslu umrædds leiks þar sem kæruefni nr. 1 er staðfest svo ekki verður um villst.
- b) Ljósrit af leikskýrslu næsta leiks Leiknis R. á undan í 11 manna liði þar sem kæruefni nr. 2 er staðfest svo ekki verður um villst.

Virðingarfyllt,
f.h. knattspyrnudeildar Hamars,
Ólafur Ragnarsson, formaður
Ólafur Jósefsson, þjálfari

Úrskurður Knattspyrnudómstóls Suðurlands

Föstudaginn 31. júlí 1998 er á dómþingi Knattspyrnudómstóll Suðurlands í máli nr. 1/1998.

Kæra knattspyrnudeildar Hamars vegna leiks Hamars gegn Leikni Reykjavík í Íslandsmóti 3. flokks karla, sjö manna liðum, B riðli, sem fram fór í Hveragerði þann 25. júní 1998 kl 18:00.

Var kveðinn upp svohljóðandi dómur

Mál þetta, sem þingfest var hinn 30. júlí 1998 og tekið til dóms sama dag, er höfðað með kæru knattspyrnudeildar Hamars vegna leiks Hamars gegn Leikni Reykjavík í Íslandsmóti 3. flokks karla, sjö manna liðum, B riðli, sem fram fór í Hveragerði þann 25. júní 1998 kl. 18:00.

Kærandi fer fram á að Leiknir Reykjavík teljist hafa tapað leiknum 0-3. Kærandi ítrekaði gerðar kröfur við þingfestingu málsins.

Við þingfestingu málsins var því lýst yfir af hálfu hins kærða að ekki yrði haldið uppi vörnum í málinu.

Ekki er tilefni til frekari lýsingar á málavöxtum en fram kemur í kæru á dskj. nr. 1. Brot hins kærða félags eru þar réttilega heimfærð, og varða þau við reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Að framangreindu virtu og þeim gögnum sem liggja frammi í málinu þykir rétt að taka kröfu kæranda til greina og skulu úrslit í leik Hamars gegn Leikni Reykjavík í Íslandsmóti 3. flokks karla, sjö manna liðum, B riðli, sem fram fór í Hveragerði þann 25. júní 1998 kl. 18:00, vera 0-3 knattspyrnudeild Hamars í hag. Enn fremur greiði Leiknir Reykjavík kr. 24.000,- í sekt til KSÍ.

Sigurður Sigurjónsson hdl., Sigmundur Stefánsson og Helgi Bergmann Sigurðsson kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð

Úrslit í leik Hamars gegn Leikni Reykjavík í Íslandsmóti 3. flokks karla, sjö manna liðum, B riðli, sem fram fór í Hveragerði þann 25. júní 1998 kl. 18:00, vera 0-3 knattspyrnudeild Hamars í hag.

Sigurður Sigurjónsson hdl.
Sigmundur Stefánsson
Helgi Bergmann Sigurðsson